



Bréf til skólustjóra og rekstraraðila grunnskóla

Reykjavík, 16. desember 2024

2410012SA AI/JÁJ

Málalykill: 04.03

Efni: Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2024

Námsgagnasjóður var stofnaður á grundvelli laga um námsgögn nr. 71/2007 og hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til fé til námsgagnaokaupa. Með samkomulagi um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga 2011 færðist fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs frá ríki til sveitarfélaga. Umsýsla sjóðsins, sem frá stofnun sjóðsins hafði verið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, nú barna- og menntamálaráðuneytinu, færðist við undirritun samkomulagsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Námsgagnasjóður starfar skv. úthlutunarreglum sjóðsins, nr. 899/2016, sem samþykktar voru 31. október 2016. **Samkvæmt 3. gr. bera rekstraraðilar grunnskóla ábyrgð á eftirfylgd með ráðstöfun fjármagns úr sjóðnum og er þeim ætlað að fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.** Námsgagnasjóður getur kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla skv. 5. gr.


Nú er komið að átjándu úthlutun úr sjóðnum og er greiðsla fyrir hvern skóla innt af hendi til rekstraraðila hans sem tekur mið af fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands. Samkvæmt 4. grein úthlutunarreglna Námsgagnasjóðs er ráðstöfun á fé sjóðsins einskorðað við kaup á námsgögnum frá lögaðilum öðrum en Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (áður Menntamálastofnun) og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. **Óheimilt er að verja fjármunum úr sjóðnum til búnaðar- og tækjakaupa, til búnaðar teljast m.a. ritföng.**

Árið 2024 hefur Námsgagnasjóður um 80,6 millj. kr. til ráðstöfunar, þar af koma 79,9 millj. kr. samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir upphæð úthlutunar fyrir hvern skóla.

Ef frekari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið samband við starfsmann sjóðsins, Önnu Ingadóttur (anna.ingadottir@samband.is).

Virðingarfyllst,
NÁMSGAGNASJÓÐUR



Anna Ingadóttir
starfsmaður stjórnar Námsgagnasjóðs



Sonja Dögg Pálsdóttirformaður
stjórnar Námsleyfasjóðs

